

**Mál nr. 157/2019****M og  
V v/ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna falls á veitingastað 21. janúar 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 30.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.5.2019, ásamt tilkynningu X um tjón til V dags. 7.2.2018.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 17.5.2019.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M verið á leið að hitta fólk á veitingastað X og hafi hún á leið niður í neðri sal staðarins runnið til á leið niður hringstiga í rýminu og lent þannig á steingólfi að hún hlaut líkamstjón. M leitaði til lækni daginn eftir og var þar greind með heilahristing og hálstögnun og hefur hún einnig þurft að leita til tannlæknis vegna tannbrots.

M kveðst hafa runnið til í bleytu sem hún telur að hafi safnast til í tröppum í hringstiga staðarins og að forsvarsmenn X hafi ekki gert ráðstafanir til að draga úr augljósri hættu, en snjór og bleyta hafi verið úti þegar slysið varð. M telur að gólfefni hafi verið eins og ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012 geri ráð fyrir og starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu þar sem ekki var séð til þess að stíginn væri hálkufír og vísar þar einnig til reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og laga nr. 46/1980 og að þar komi fram lágmarkskröfur til húsnæðis sem ætlað sé til almennrar umferðar almennings. Einnig vísar M til þess að klaki, sennilega úr drykkjarglasi, hafi verið á gólfi staðarins eftir slysið sem bendi til þess að nýlega hafi starfsmaður X misst drykk á gólfið og hafi ekki verið búíð að þurrka upp bleytu vegna þess. M vísar til ljósmyndar af klakanum máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M því á bug að slys hennar sé hægt að rekja til óaðgæslu hennar sjálfar og að X verði að bera hallann af því að húsnæðið hafi ekki verið rannsakað frekar eða upptökur úr myndavélum staðarins lagðar fram.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að aðstæður hafi ekki verið þannig að starfsmenn X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna bleytu. Á þessum tíma árs væri veðurfar gjarna þannig að ómögulegt sé að koma í veg fyrir að einhver bleyta berist inn á staðinn með gestum. Einnig telur V ósannað að klaki úr glasi eða bleyta vegna hans hafi verið orsök slyssins. V telur einnig að ákvæði byggingareglugerðar frá árinu 2012 eigi ekki við í málinu þar sem húsnæði það sem veitingastaður X er í hafi verið byggt miklu mun fyrr, auk þess sem lög nr. 46/1980 og reglur byggðar á þeim lögum gildi ekki um slys M.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir að M hrasaði í stiga á veitingastað X og slasaðist. Sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á veitingastað X hvílir á þeim sem heldur því fram. Í gögnum málsins kemur fram að snjór og bleyta hafi verið úti við þann dag sem slysið varð. Almenn tölur ekki ráðið af skráðum háttænisreglum að starfsmönnum veitingastaða sé skylt að sjá til þess að gólf slíkra staða séu þurr öllum stundum eða að húsnæði veitingastaðarins hafi verið í andstöðu við byggingareglugerðir sem gilda um húsnæði staðarins. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli M verður því ekki séð að sannað sé að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M heldur verður fall hennar rakið til óhappatilviks sem X beri ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.